

Þingsályktun

**um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2013
um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn.**

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2013, frá 15. mars 2013, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/126/EB, frá 21. október 2009, um II. áfanga endurheimtar bensínufu við eldsneytistöku fyrir vélknúin ökutæki á bensínstöðvum.

Samþykkt á Alþingi 4. desember 2013.